



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Staða ráðninga í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum á skóla- og frístundasviði 12. ágúst 2019***

Dagana 8. til 12. ágúst 2019 var aflað upplýsinga frá frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum um stöðu ráðninga. Svör bárust frá öllum.

Þann 12. ágúst var búið að sækja um fyrir 3.808 börn í frístundaheimili og 144 börn í sértækar félagsmiðstöðvar, samtals 3.952 umsóknir. Gert er ráð fyrir að öll börn sem sótt hefur verið um dvöl fyrir á frístundaheimili fái þjónustu í upphafi skólaárs. Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna faliðunar, er fyrst litið til forgangshópa síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er hægt að bjóða öllum börnum í 2. bekk dvöl, stærri hóp boðin dvöl hluta úr viku þannig að sem flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verður börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á öðrum frístundaheimilum, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst.

Í frístundaheimili á eftir að ráða í 87 stöðugildi eða 175 starfsmenn. Í sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 25,5 stöðugildi eða 51 starfsmann. Yfirleitt er um 50% störf að ræða. Þann 12. ágúst sl. átti því eftir að ráða í 112,5 stöðugildi eða 226 starfsmenn. Í eftirfarandi töflu sést fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í og skipting milli borgarhluta.

---

	Árbær- Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur- Kjalarnes	Laugardalur- Háaleiti	Miðborg- Hlíðar/Vesturbær	Alls
<b>Frístundaheimili/sértæk félagsmiðstöð</b>	<b>22,5</b>	<b>17,0</b>	<b>20,0</b>	<b>31,0</b>	<b>22,0</b>	<b>112,5</b>
<i>Fjöldi stm í fríst.starf</i>	<i>46</i>	<i>34</i>	<i>40</i>	<i>62</i>	<i>44</i>	<i>226</i>

---

Þann 14. ágúst 2017 var fjöldi umsókna 4.291 og þá átti eftir að ráða í 135,4 stöðugildi eða 262 starfsmenn. Þann 21. ágúst 2018 var fjöldi umsókna 4.125 og þá átti eftir að ráða í 103,3 stöðugildi eða 210 starfsmenn.

Ráðningar standa yfir þessa dagana og tölurnar því að breytast dag frá degi.